

3.júní 2026

Skrifstofa Grímsnes- og Grafningshrepps

Stjórnsýsluhúsinu Borg
805 Selfoss

Erindi til sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps

Kæra sveitarstjórn,

Við undirritaðir, Gunnar Bjarni Kristinsson (kt. 030289-2699) og Hallbjörn V. Fríðhólm (kt. 130681-4259), óskum eftir að sveitarfélagið skoði möguleikann á að styðja við samfélagslegt menningar- og nýsköpunarverkefni okkar með aðgengi að húsnæði fyrir rekstur samfélagsútvarps og skapandi miðlunarstarfs í sveitarfélaginu.

Markmið verkefnisins er að skapa vettvang fyrir menningu, listir, samfélagsumræðu og skapandi starf í uppsveitum Árnessýslu. Útvarpsstöðin yrði byggð upp sem opinn samfélagsmiðill sem miðlar efni frá íbúum, félagasamtökum, listafólki, fyrirtækjum og öðrum sem vilja leggja sitt af mörkum til að efla samfélagslífið á svæðinu.

Jafnframt viljum við skapa aðstöðu og vettvang fyrir aðra íbúa og frumkvöðla til að þróa og miðla eigin verkefnum. Hugmyndin er að byggja upp lifandi samkomustað þar sem fólk getur komið saman, deilt hugmyndum, tekið þátt í miðlun, menningarstarfi og skapandi verkefnum og þannig styrkt tengsl innan samfélagsins.

Á meðal verkefna sem fyrirhuguð eru má nefna:

- Útsendingar um menningu, sögu og mannlíf í uppsveitunum.
- Beint streymi og umfjöllun frá bæjarhátíðum, íþrótt- og menningarviðburðum.
- Kynningu á tónlistarfólki, listafólki og frumkvöðlum af svæðinu.
- Námskeið og verkefni fyrir ungmenni á sviði fjölmiðlunar, hljóðvinnslu og skapandi greina.
- Vettvang fyrir félagasamtök og íbúa til að kynna starfsemi sína og verkefni.
- Stuðning við tónleikahald, listasýningar, fyrirlestra og aðra menningarviðburði.

Við teljum að verkefnið geti orðið mikilvægur þáttur í að efla menningar- og samfélagslíf sveitarfélagsins, auka þátttöku íbúa, styrkja samkennd og skapa ný tækifæri til nýsköpunar og samstarfs. Jafnframt gæti það aukið sýnileika sveitarfélagsins og þeirrar fjölbreyttu starfsemi sem þar fer fram.

Við óskum því eftir samtali við sveitarfélagið um mögulegan stuðning í formi húsnæðis eða annars samstarfs sem gæti orðið til þess að þetta samfélagslega verkefni komist af stað og dafni til framtíðar.

Virðingarfyllt,
Gunnar Bjarni Kristinsson
Hallbjörn V. Fríðhólm